

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 45, 24. janúar 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

Guðrún Skúladóttir.

## GJALDSKRÁ

**Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.**

### I. SMÁSALA.

#### Gjaldskráarliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald .....	4,22 kr/kWh
Fastagjald .....	2 050,00 kr/a

#### A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald .....	6,33 kr/kWh
Fastagjald .....	2 050,00 kr/a

#### A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald .....	7 280,00 kr/kW/a
Viðhaldsgjald .....	8 720,00 kr/kW/a

#### A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald .....	1,68 kr/kWh
Fastagjald .....	8 200,00 kr/a

#### A. 5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW .....	20 640,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW .....	3 440,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun .....	1,15 kr/kWh
Orkugjald af allri notkun — niðurgreitt .....	0,70 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu .....	4,22 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

**B.1 Aflmæling.**

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksafgjald 15 kW .....	91 050,00 kr/a
Aflgjald umfram 15 kW .....	6 070,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	1,34 kr/kWh

**B. 11 Varmadælur.**

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald .....	1,07 kr/kWh
Aflgjald .....	4 860,00 kr/kW/a

**B.2 Súgþurrkun.**

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald .....	1 670,00 kr/kW/a
Orkugjald .....	0,98 kr/kWh

**C.1 Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	1,68 kr/kWh
Orkugjald niðurgreitt .....	1,05 kr/kWh
Fastagjald .....	2 050,00 kr/a

Roftími er allt að 3 klst/sólarhring.

**C.2 Hitun.**

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	1,05 kr/kWh
Orkugjald niðurgreitt .....	0,67 kr/kWh

Roftími er allt að 15 klst/sólarhring.

**D.1 Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	1,68 kr/kWh
Fastagjald .....	2 050,00 kr/a

Roftími er allt að 3 klst/sólarhring.

**D.2 Hitun.**

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald .....	1,05 kr/kWh
-----------------	-------------

Roftími er allt að 15 klst/sólarhring.

**D.3 Varmadælur.**

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald .....	2,41 kr/kWh
Fastagjald .....	2 050,00 kr/a

**Lokun.**

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila er samtals kr. 1 000,00.

*Skilgreiningar og ýmis ákvæði.***1. Utanhússlýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

**2. Sumarbústaðanotkun.**

Orkuverð A.4 fylgir orkuverði D.1.

**3. Markmæling.**

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

**4. Aflgjaldsmæling.**

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibraðslum, fiskimjölsverksmiðjum og við hliðstæða notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

**5. Véla- og tækjanotkun.**

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Orkubú Vestfjarða getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (cos 0 undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

**6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.**

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilur orkubúíð sér rétt til þess að gefa kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

**7. Annað.**

Sölugjald 25% er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1 og D.2 ásamt tilsvarendi fastagjöldum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

Gjaldskrárverð breytast í samræmi við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

Orka til varmadælna skal seld skv. gjaldskrárlið B1 eða D3 að vali notanda og vera undanþegin söluskatti skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

## II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúni og þorpum, tengd veitusvæðum orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubússtjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.
  - 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:
  - 2.1 Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd <sup>1)</sup> kr/m
Allt að 40 .....	56 250,00	966,00
40 — 65 .....	87 500,00	1 200,00
65 — 130 .....	175 000,00	1 410,00
130 — 200 .....	275 000,00	1 790,00

Stofnvarkassi tengdur við loftlínu

(sjá lið 3,2) ..... 7 510,00

- 2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í.

<sup>1)</sup> Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð.

Aukamælagrind fyrir hitaveitu kr. 22 500,00 dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð.

Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

- 2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjòlsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

- 2.4 Telji orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðar-reikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.
3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
- 3.1 Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 4 080,00.
- 3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
- 3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftflínustaur í kerfi orkubúsins, skal greiða eins og 2.1. segir til um miðað við 63 A stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.
4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun orkubúsins hverju sinni.

### III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

- 1.1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug, nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
- 1.2. Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla og atvinnuhúsnæði o. þ. h. skal grunnjald vera kr. 55 400 á hvern notanda.
- Framangreint grunnjald, kr. 55 400, miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 250 stig og, að Orkusjóður greiði það sem vantar á heildarkostnað við lagningu heimtaugar og spennistöðvar. Grunnjald breytist á sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 120 24. febrúar 1986, með gildistöku 1. janúar 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*